

**HEILBRIGÐISNEFND  
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS  
155. fundur – 21. október 2010**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, fimmtudaginn 21. október 2010, og hófst hann kl. 15, að Garðatorgi 7, Garðabæ. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna heilbrigðiseftirlitsins Tore Skjenstad, Páls Stefánssonar og Guðmundar H. Einarssonar, sem ritaði fundargerð.

Sunna Björg Helgadóttir og Gísli Gíslason boðuðu forföll.

Fundargerð 154. fundar heilbrigðisnefndar frá 27. september lögð fram.

**1 Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu**

1.1 Fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsvernd

Fundargerð 87. fundar framkvæmdastjórnar um vatnsvernd frá 1. október 2010 lögð fram.

1.2 Skotfélag Kópavogs, ósk um æfingasvæði

Lagt fram bréf Skipulags- og umhverfissviðs Kópavogsbæjar frá 23. september 2010 þar sem kynnt er samþykkt skipulagsnefndar um að hafna á grundvelli fyrirliggjandi umsagna erindi Skotfélags Kópavogs, dags. 11. mars 2010 um umbeðið æfingasvæði við Lækjarbotna í Kópavogi. Samþykkt skipulagsnefndar var staðfest á fundi bæjarráðs 23. september og bæjarstjórnar þann 28. september 2010.

**2 Vettvangsferð um vatnsverndarsvæði og heimsókn að vatnsbólum**

2.1 Vatnsveita Hafnarfjarðar í Kaldárbotnum

Dagur Jónsson, vatnsveitustjóri, tók á móti nefndarmönnum. Sýndi hann mannvirki og umhverfi og hann skýrði helstu þætti í starfi vatnsveitunnar. Vatnsveitan þjónar um 26000 íbúa svæði og fjölda atvinnufyrirtækja. Vatnsbólið er í Kaldárbotnum og er að jafnaði veitt þaðan um 160 l/s af neysluvatni inn á dreifikerfið.

2.2 Vatnsveita Kópavogs í Vatnsendakrikum

Jón Auðunsson, vatnsveitustjóri, tók á móti nefndarmönnum. Sýndi hann mannvirki og umhverfi og hann skýrði helstu þætti í starfi vatnsveitunnar. Vatnsveitan þjónar um 44000 íbúa svæði og fjölda atvinnufyrirtækja. Vatnsbólið er í Vatnsendakrikum og er að jafnaði veitt þaðan um 210 l/s inn á dreifikerfið.

**3 Önnur mál**

Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:15

Guðmundur Sigurðsson

Margrét Halldórsdóttir

Jón Bjarni Þorsteinsson

Gísli Ó. Valdimarsson

Steingrímur Steingrímsson